

Hafnarfirði, 17.8. 2016  
1607483 GG

## MINNISPUNKTAR

Umsögn: vegna bílasölu við Tjarnarvelli

Í bréfi til Bæjarráðs Hafnarfjarðar dags. 26.7. 2016 óskar Svavar Þorsteinsson eftir að nýta bílastæði við Tjarnarvelli sem tilheyra Hafnarfjarðarbæ. Í fyrirspurninni er lögð fram sú tillaga að leigð verði um 80 bílastæði undir starfsemi bílasölu til næstu 5 ára.

Skv. skipulagsskilmálum fyrir deiliskipulag Miðsvæði - Valla, deiliskipulagsreitur 9.1. grein 4.6. Bílastæði og bílageymslur, 2. mgr. bls. 12 segir: *"Bílastæði eru utan lóða, að undanskilinni lóð A9, og til sameiginlegra afnota. Þetta á þó ekki við ef um er að ræða bílageymslu í kjallara. Hafnarfjarðarbær framkvæmir og viðheldur bílastæðunum. Lóðarhafi greiðir stofnkostnað /bílastæðagjalda fyrir bílastæði í samræmi við þann fjölda bílastæða sem honum ber að útvega, miðað við stærð og notkun húss, sbr. gr. 3.1.4. í skipulagsreglugerð nr. 400 / 1998. Viðhaldskostnaður verður reiknaður með fasteignagjöldum, samkvæmt nánari ákvörðun bæjaryfirvalda hverju sinni."*

Virðingarfyllst,

---

Gunnþóra Guðmundsdóttir  
arkitekt